

REGLUR

um tengingu og drátt ökutækja, nr. 394/1992

TENGING ÖKUTÆKJA

1.gr.

Eftirvagn eða tengitæki má því aðeins tengja við bifreið sem ekið er í almennri umferð að hún hafi verið skráð til þess að draga eftirvagn.

2.gr.

Eftirvagni eða tengitæki má því aðeins tengja við vélknúíð ökutæki að tengibúnaður þess sé af gerð og stærð sem ætluð er fyrir ökutækið sem er dregið.

3.gr.

Eftirvagn eða tengitæki má því aðeins tengja við ökutæki að ökutækið sem dregið er sé búið ljóskerum og glitaugum, svo sem kveðið er á um gerð og búnað ökutækja. Skyggi ökutæki (eftirvagn eða tengitæki) sem ekki er skráð á skráningarkerki bifreiðar sem það er tengt við skal vera skráningarkerki á ökutækinu sem er dregið.

DRÁTTUR ÖKUTÆKJA.

4.gr.

Ef dráttarbúnaður er taug eða stöng má fjarlægð milli ökutækis sem dregur og ökutækis sem dregið er ekki vera meiri en 5 metrar. Sé bilið meira en 3 metrar skal merkja dráttarbúnað í miðju með rauðri eða gulri veifu.

5.gr.

Þegar ökutæki er dregið af öðru ökutæki með stöng eða öðrum viðurkenndum björgunarbúnaði má ekki aka hraðar en 50 km. á klst., en ef dregið er með taug má ekki aka hraðar en 30 km. á klst.

6.gr.

Ökutæki má ekki nota til að draga eftirvagn, tengitæki eða annað ökutæki á meiri hraða en ökutækin, hvert um sig eru hönnuð fyrir. Á ökutækinu sem er dregið skulu lögboðin ljós vera tendruð. Heimilt er að nota aðeins stöðuljós á bifreið, dráttarvél eða vinnuvél sem er dregin.

7.gr.

Skráð ökutæki sem ekið er í almennri umferð má ekki nota til að draga þyngra ökutæki en það er skráð til að draga. Ökutæki sem ekki er skráningarskytt má við sömu aðstæður ekki nota til að draga þyngra ökutæki en framleiðandi ábyrgist.

Ennfremur gildir:

a) Bifreið með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna má ekki nota til að draga eftirvagn, tengitæki, eða annað ökutæki sem hefur meiri heildarþyngd er nemur helmingi af eigin þyngd bifreiðarinnar ef ökutækið sem dregið er er ekki búið aksturehemi. Þetta á þó ekki við um viðurkennda björgunarbifreið sem hefur leyfi til að flytja þyngra ökutæki.

b) Dráttarvél má ekki nota til að draga eftirvagn/eftirvagna eða tengitæki ef minna en 50% af samanlagðri heildarþyngd ökutækjanna hvílir á hjólum með aksturshemla.

GILDISTAKA

8.gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 62.gr. umferðarlaga nr. 50 30 mars 1987 og öðlast gildi 1. Desember 1992. Jafnframt falla úr gildi ákvæði A, C og D hluta VII kafla reglugerðar um gerð og búnað ökutækja ofl. Nr. 51 15.maí 1964.

Til 31 desember 1993 er heimilt að tengja eftirvagna eða tengitæki við tengibúnað bifreiðar þótt bifreiðin sé ekki skráð til að draga ökutæki, enda hafi tengibúnaðurinn verið festur við bifreiðina fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. Október 1992.

Þorsteinn Pálsson

Ólafur W. Stefánsson